

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefndar. Ég lít svo á að þeir sem sækja vinnu til Reykjavíkur þurfi ofan á öll önnur gjöld að greiða með sér enn meira til og frá vinnu og í þessu felst kjaraskerðing. Þetta á t.d. við um heilbrigðisstarfsfólk sem býr fyrir austan og starfar á Lsp. og eru ekki sælir af þeim kjörum sem þeir hafa. Snertir mitt heimili einnig þar sem eiginmaðurinn starfar við akstur olíubíla og þarf að komast til Reykjavíkur til að hefja starfsdaginn. Nú er ég aðeins að tala um tolla á Reykjanesbraut og Suðurlandsveg en þá er ótalinn kostnaður vegna tolla á stofnæðum í borginni. Þeir sem greiða vegatolla t.d. í Noregi hafa um aðrar leiðir að velja sem ekki eru tollaðar. Ég krefst þess að það fé sem bifreiðaeigendur þurfa nú þegar að greiða í álögur verði notaðir allir í samgöngur, það á að duga til framkvæmda í samgöngumálum. Ef ekki þá fyrst er hægt að finna aðrar leiðir.

Undirritað: Ragnhildur L. Guðmundsdóttir kt. 2811644579

Gleymdist að taka með í reikninginn að gjaldtaka á Reykjanesbraut að Kef.flugvelli hefur í för með sér að íbúar sem búa á Ásbrú sem er hluti Reykjanesbæjar þurfa að fara brautina til að komast niður í bæ í þjónustu og til vinnu hversu mikið á þetta fólk að þurfa að greiða í vegatolla innan bæjar?
Ragnhildur L. Guðmundsdóttir